

Minnisblað – Umfjöllun um smæðarálag í umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu um fjárlagafrumvarp 2024

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

7. nóvember 2023

Karl Sigurðsson & Sigurjón N. Kjærnested

Á nýlegum fundi SFV með Fjárlaganefnd Alþingis komu fram nokkrar spurningar frá nefndarmönnum varðandi stöðu lítilla hjúkrunarheimila og beiðni SFV um aukið fjármagn til þeirra í gegnum smæðarálagið. Í minnisblaði þessu er leitast við að svara þeim spurningum. Ástæða þess hversu seint þetta minnisblað berst er að undanfarið hefur staðið yfir sameiginleg greining SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga á stöðu lítilla hjúkrunarheimila og vildum við skoða spurningar fjárlaganefndar í samhengi við þá greiningu og koma á framfæri til nefndarinnar.

Í umsögn SFV um fjárlagafrumvarp 2024 kom eftirfarandi m.a. fram um fjárveitingar til lítilla hjúkrunarheimila:

„Þar hvetja SFV stjórnvöld sérstaklega til að styrkja þá þætti fjárveitinga til hjúkrunarheimila sem varða:

- Lítill hjúkrunarheimili fá sérstakar fjárveitingar í formi svokallaðs smæðarálags sem greitt er til að styðja við rekstur þeirra. Sá rekstur er sérlega þungur og til að viðhalda þjónustu þeirra (sem oft eru í minni og meðalstórum sveitarfélögum á landsbyggðinni) hvetja SFV fjárlaganefndina til að bæta við 150 m.kr. í smæðarálagið.“

Á fundi SFV með fjárlaganefnd komu fram eftirfarandi spurningar og eru svör SFV hér að neðan.

Hvernig er greiðslum smæðarálags til hjúkrunarheimilanna háttað og hvaða heimili eru að fá smæðarálag?

- Á árinu 2022 voru greiddar tæplega um 481 milljón í smæðarálag til hjúkrunarheimila sem voru með færri hjúkrunarrými en 61. Um er að ræða nálægt 30 hjúkrunarheimili.
- Núverandi regla við útteilingu smæðarálags er þannig að hjúkrunarheimili fá greitt fyrir hvert rými sem vantar upp á 61 rými og þannig fá smæstu hjúkrunarheimilin hlutfallslega meira greitt í smæðarálag pr. hjúkrunarrými en þau sem stærri eru.
- Í fylgiskjali 1 hér að neðan má sjá hvaða hjúkrunarheimili fengu greitt smæðarálag árið 2022 og hversu mikið

Hvernig er beiðni SFV um 150 m.kr. hækkun á smæðarálagi rökstudd?

- Beiðni SFV um 150 m.kr. hækkun var grundvölluð á yfirferð á rekstrartölum hjúkrunarheimilanna og því hvernig slík hækkun myndi deilast út til lítilla hjúkrunarheimila. Gróft mat okkar var að þannig næðist fram lækkun á rekstrarhalla þeirra heimila sem eru í mínus um þriðjung.
- Mat okkar var að slík hækkun væri mikilvægt skref í að rétta innbyggt rekstrarójafnvægi sem felst í að reka lítið hjúkrunarheimili, styðja við rekstur þeirra og gera mögulegt að viðhalda þjónustunni í þeim sveitarfélögum sem um ræðir.
- Í drögum að niðurstöðu sameiginlegrar greiningar SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga á stöðu lítilla hjúkrunarheimila, má sjá að ef árið 2022 er skoðað myndi hækkun á smæðarálagi um 150 m.kr. þýða 31% lækkun á rekstrarhalla þeirra litlu hjúkrunarheimila sem skiluðu halla á árinu 2022 (6 heimili voru skoðuð og þau heimili sem hér er átt við eru Sundabúð á Vopnafirði, Sæborg á Skagaströnd og Grenilundur á Grenivík).

- Sum lítil hjúkrunarheimili skiluðu rekstrarafgangi á árinu. Þar er þó mikilvægt að horfa til þess hversu langt hjúkrunarheimilin almennt eru frá því að ná viðmiðum Embættis landlæknis um mönnun sbr. síðustu úttekt (Gylfaskýrslan).
- Ætlunin er að kynna niðurstöður þessarar greiningar á næstu vikum.

Með erindi þessu viljum við hjá SFV ítreka beiðni okkar um að fjárlaganefnd horfi til litlu hjúkrunarheimilanna í meðferð sinni á fjárlagafrumvarpinu og hækki greiðslur til þeirra

Fylgiskjal 1. Einingar og heildarupphæð greiðslu sem hjúkrunarheimili fengu vegna smæðarálags 2022

Hjúkrunarheimili	Ein. á ári pr. heimili	Viðbótar-einingar	Heildar einingar	Upphæð greiðslu 2022
Grenilundur, Grenivík	116.360	49.038	165.398	24.148.098
Sæborg, Skagaströnd	116.360	45.917	162.277	23.692.473
Fellaskjól, Grundarfirði	96.967	62.190	159.156	23.236.849
Sólvellir, Eyrabakka	98.853	60.303	159.156	23.236.849
Silfurtún, Búðardal	96.967	62.189	159.156	23.236.776
Roðasalir, Kópavogi	96.967	59.069	156.036	22.781.224
Sundabúð, Vopnafirði	96.967	59.069	156.036	22.781.224
Naust, Þórshöfn	96.967	59.069	156.036	22.781.224
Jaðar, Ólafsvík	96.967	55.948	152.915	22.325.600
Barmahlíð, Reykhólum	96.967	49.707	146.674	21.414.351
Hjallatún, Vík	96.967	46.586	143.553	20.958.726
Dvalarh aldraðra Stykkishólmi út 1 júní 2022	96.967	46.586	143.553	20.958.726
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	96.967	40.344	137.311	20.047.477
Seljahlíð, Reykjavík	77.574	50.375	127.949	18.680.495
Fjallabyggð Hornbrekka	77.574	47.255	124.829	18.224.979
Heilbrigðisst. Suðaustul, Hornafirði/ Vigdísarholt Skjólgarður frá 1.mars 2021	77.574	37.892	115.466	16.857.977
Fellsendi, Búðardal	77.574	28.531	106.104	15.491.232
Dalbær, Dalvík	77.574	28.531	106.104	15.491.232
Hrafnista Hlévangur, Reykjanesbæ	58.180	38.562	96.742	14.124.359
Kirkjuhovoll, Hvolsvelli	58.180	35.441	93.621	13.668.735
Hvammur, Húsavík	58.180	35.441	93.621	13.668.735
Hamrar, Mosfellsbær	58.180	29.559	87.739	12.809.923
Lundur, Hellu	58.180	29.200	87.380	12.757.486
Brákarhlíð, Borgarnesi	58.180	22.958	81.139	11.846.237
Vigdísarholt Seltjörn	38.787	26.748	65.535	9.568.114
Hrafnista Boðapíng, Kópavogi	38.787	14.265	53.052	7.745.616
Hrafnista Nesvellir, Reykjanesbæ	19.393	-	19.393	2.831.436
Hrafnista Ísafold, Garðabæ	19.393	-	19.393	2.831.436
Sóltún Öldrunarþjónusta - inn í mars 2020/út 2022	19.393	-	19.393	2.831.436
Heildargreiðsla smæðarálags	317.396.226	163.632.801	481.029.028	481.029.028